



Brallarar og grallarar í bæ og borg



Kristjana Friðbjörnsdóttir og **Pórdís Gísladóttir** hræra sögu af eigin æskuárum í Smábúðahverfinu og Hafnarfirði saman við sögur sem þær hafa skrifað um brallara og grallara, dagbókaskrifara og dýravini. Hér koma til tals krakkar sem hafa þurft að flytja frá höfuðborginni út á land og utan af landi til Reykjavíkur og komist að því að þótt það geti verið erfitt að skipta um umhverfi þá hafa flutningar gjarnan í för með sér ný kynni við skemmtilegt fólk og skondin dýr, og að breytingunum fylgja oft gefandi og hressandi upptökur.



Kristjana Friðbjörnsdóttir er menntaður kennari og hefur starfað sem grunnskólakennari í Reykjavík ásamt því að vinna að ýmsum félagsstörfum með börnum og unglingum. Hún er höfundur bókaflöksins um Fjöla Fífls og fyrir bókina *Flateyjarbréfin* hlaut hún Barnabókaverðlaun menntaráðs árið 2011.

Pórdís Gísladóttir er íslenskfræðingur að mennt. Fyrir ljóðabókina *Leyndarmál annarra* hlaut hún Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar árið 2010 og barnabókin *Randalín og Mundí* sem kom út í fyrra var tilnefnd til Fjöruverðlaunanna. Pórdís hefur ennfremur þýtt fjölda bóka, verið ritstjóri tímaritsins *Börn og menning* og stjórnad barnabókmenntahátíðinni *Mýrinni*.

Dagskráin hentar best **1. – 4. bekk**

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.

Skólastúlkur og steinskrípi

Arndís Þórarinsdóttir og **Gunnar Theodór Eggertsson** hafa skrifað ólíkar bækur um krakka sem þurfa að kljást við erfiðleika tilverunnar. En hvort sem erfiðleikarnir eru þeir að dóp finnast í íþróttatöskunni manns eða að jörðinni hafi verið breytt í stein af ófreskjum fjalla báðar sögurnar um venjulega krakka sem reyna að skilja heiminn í kringum sig, læra að standa með sjálfum sér og gera það sem þeim þykir réttast hverju sinni. Arndís og Gunnar eru jafnaldrar og skólasystkin síðan í barnaskóla. Þau vita ýmislegt um það hvernig krakkar verða að rithöfundum og eru fús að deila því með nemendum.



Arndís Þórarinsdóttir birti fyrstu smásögu sína árið 2005 í *Tímariti Máls og menningar* og síðan hefur hún sent frá sér fleiri smásögur auk annarra skrifa. Arndís er með BA-próf í almennri bókmenntafræði og MA-próf í leikritun. Hún starfar sem deildarstjóri á Bókasafni Kópavogs. Á síðasta ári kom út bók hennar *Játníngar mjólkurfernuskálds*, sem er tilnefnd til Norrænu barnabókaverðlaunanna 2013.



Gunnar Theodór Eggertsson er bókmennta- og kvikmyndnafræðingur. Fyrir fyrstu bók sína, *Steindýrin*, sem hann byrjaði að spinna sem framhaldssögu fyrir krakka á fristundaheimili, hlaut hann Íslensku barnabókaverðlaunin 2008. Á síðasta ári kom út sjálfstætt framhald hennar, *Steinskrípin*. Gunnar Theodór er doktorsnemi í bókmenntafræði, sem vinnur út frá manndýrafræði, tiltölulega nýrri fræðigrein.

Dagskráin hentar best **5. – 7. bekk**

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.

Ljóðið sem áttaviti í borginni

Í samvinnu við Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO

Í borginni er auðvelt að villast og jafnvel tapa sjálfum sér. Getum við náð áttum í borginni með ljóð sem áttavita? Hvernig getur ljóð breytt umhverfi borgarinnar eða að minnsta kosti þeirri sýn sem við höfum á það?

Í borginni liggja ekki bara vegir til allra átta, heldur bjóða líka götur og sund upp á ótal möguleika. Skáldin **Anton Helgi Jónsson** og **Sigurlín Bjarney Gísladóttir** fjalla í ljóðum sínum um fólk sem hefur tapað áttum í borginni.



Í dagskránni bregða skáldin upp myndum af þekktum kennileitum í borginni en nema líka staðar og skyggast inn í hús og draga upp myndir af örlögum nokkurra borgarþúa.

Skáldin sjálf hafa löngum verið áttavillt í borginni og reynt að ná áttum með ljóð og skáldskap sem áttavita.

Sigurlín Bjarney hefur gefið út tvær borgarljóðabækur, *Fjallavegi í Reykjavík* árið 2007 og *Bjarg*, sem kom út fyrr á þessu ári, og smásagnasafnið *Svuntustreng*, sem hlaut Nýræktarstyrk Bókmenntasjóðs. Saga hennar *Þjóðvegur* eitt fékk Gaddakylfuna 2006 og birtist í smásagnaheftinu *Morð* það ár.



Anton Helgi hefur gefið út nokkrar ljóðabækur, eina skáldsögu og einnig skrifað leikrit. Árið 2009 hlaut hann Ljóðstaf Jóns úr Vör fyrir ljóð sitt *Einsöngur án undirleik*. Nýjustu verk hans eru ljóðabækurnar *Ljóð af ættarmóti*, *Tannbursti skíðafélagsins* og *Hálfgerðir englar og allur fjandinn*.

Dagskráin hentar **8. – 10. bekk**

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.



Sígilda dagskráin

Með hugann fullan af hetjudraumum

Í leikandi og skemmtilegri dagskrá flytja ljóðskáldið **Aðalsteinn Ásberg** og söngvaskáldið **Svavar Knútur** brot úr verkum **Steins Steinarrs** og segja frá lífi og list byltingarskáldsins, sem varð með tíð og tíma þjóðareign. Ferill Steins er rakinn í ljóðum og söngvum, enda hafa mörg tónskáld sótt innblástur í verk hans. Ádeila, heimspeki, ást og nútími eru stikkorð sem vísa á skáldið sem átti stærstan þátt í formbyltingu ljóðsins á Íslandi.



Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson hefur víða komið við allt frá því fyrsta ljóðabók hans *Ósámar lendur* kom út árið 1977. Hann hefur átt gjöfult samstarf við marga tónlistarmenn og sent frá sér fjölda verka fyrir börn og fullorðna, en nýjustu skáldverk hans eru ljóðabækurnar *Segðu mér og segðu...*, *Hús eru aldrei ein og Sjálfsmyndir*.



Mannættugeimverur og einræðisherrar á pissupottum

Í samvinnu við Miðstöð íslenskra bókmennta

Útírnúningur, ádeilur, nýjasta hundatiskan, bændur og búalið, óp og læti og afbökud orð, geðsjúklingar og guð, samsæriskennningar, eðlufólk og megranir, mannættugeimverur og einræðisherrar á pissupottum, spádómar og skáldskapur sem stefnir að því að gera hið ómögulegt mögulegt, hið ömurlega skemmtilegt og hið heimskulega gáfulegt. Og/eða öfugt. Rithöfundarnir **Hildur Knútsdóttir** og **Eiríkur Örn Norðdahl** stinga á kylum og leika fyrir lærdómi, lesa ljóð og prósa, sýna teiknimyndir og leiknar stuttmyndir og ræða hvaða merkingu það hefur að vera skáld, verða skáld og þurfa alltaf að vera þetta andskotans skáld.



Hildur Knútsdóttir er höfundur bókanna *Sláttur*, *Spádómurinn og Hola*, *Lovers* eða *Lífstils- og megrunarbók Tískubloggsins* eða *Hvernig á að þóknast karlmönnum og vera betri en aðrar konur*. Í verkum sínum hefur hún meðal annars kannað ranghala hlutverkaleikja – bæði með því að snúa upp á hefðbundin kynjahlutverk (einsog í *Spádóminum*) en líka með því að búa einfaldlega til heilan höfund (einsog í *Hola, Lovers*) sem tekur að sér að vera höfundur í Hildar stað.



Eiríkur Örn Norðdahl hefur gefið út fimm ljóðabækur, fjórar skáldsögur og sitthvað fleira, síðast skáldsöguna *Illsku*, sem hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin. Hann hefur unnið mikið með hljóðaljóð, hreyfiljóð og performans. Í rétt útkominni ljóðabók, *Hnefi eða vístola orð*, rifur Eiríkur íslenska tungu á hol, tætir hana í sundur, og gerir tilraun til þess að nærast á hræinu.

Dagskráin hentar **öllum aldurshópum**

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.

Svavar Knútur gaf út fyrstu sólóplötu sína, *Kvöldvöku*, árið 2009, en síðan hefur hann sent frá sér *Ömmu* með þekktum íslenskum sönglögum, dúettaplötuna *Glæður*, ásamt Kristjönu Stefánsdóttur, og nýjasta afurð hans er platan *Ölduslóð*. Hann hefur gert víðreist á undanförunum misserum og komið fram á fjölda tónleika hérlendis og erlendis.

Dagskráin hentar **öllum aldurshópum**

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.





Fyrir leikskóla

Vilja geimverur fisk? Ganga skrímsli með skotthúfu?

Ný dagskrá fyrir nemendur í leikskólum

Allt getur gerst í bókum! **Sigrún Eldjárn** og **Áslaug Jónsdóttir** segja frá ævintýrlegum sögum og skringilegum myndum sem kvikna í kollinum og á teikniblokkinni. Þarna skoppa fram kátir krakkar, skrímsli, geimverur og skotthúfukerlingar. Sigrún og Áslaug eru báðar myndlistarkonur og rithöfundar, velkunnar og verðlaunaðar fyrir bækur sínar fyrir börn á öllum aldri.



Áslaug Jónsdóttir hefur skrifað og myndlýst fjölmargar bækur fyrir yngstu börnin frá því að fyrsta bók hennar *Gullfjöðrin* kom út árið 1990. Áslaug hefur ennfremur skrifað leikrit fyrir börn sem sett hafa verið á svið í Þjóðleikhúsinu, nú síðast verk um litla skrímslið og stóra skrímslið, sem var byggt á vinsælum bóka-flokki hennar og norrænu meðhöfundanna Kalle Güettler og Rakel Helmsdal. Fyrir verk sín hefur hún unnið til fjölda viðurkenninga: m.a. tvívegis hlotið Dimmalimm - Íslensku myndskreyti-verðlaunin og tvívegis Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar.



Sigrún Eldjárn hefur sent frá sér fjölda bóka fyrir börn, en fyrsta bók hennar, *Allt í plati*, kom út árið 1980. Sigrún myndskreytir allar sínar bækur sjálf en hún hefur auk þess myndskreytt fjölda bóka annarra höfunda. Fyrir ritstörf sín hefur hún hlotið margs konar verðlaun og viðurkenningar, m.a. Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar í þriggung, Menningarverðlaun VISA og Sögusteinn - barnabókaverðlaun IBBY á Íslandi.

Dagskráin hentar leikskólabörnum á aldrinum **2ja til 5 ára**.

Lengd: 30 mínútur.



Skraddarasniðnar dagskrár

Höfundamiðstöðin sinnir margvíslegum verkefnum

Vert að minna á að margir höfundar bjóða upp skemmtilegar dagskrár, þar sem þeir fjalla um verk sín og bókmenntir í stærra samhengi. Skólar, stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök geta leitað til Höfundamiðstöðvar, sem veitir upplýsingar og hefur milligöngu um að bóka slíkar dagskrár og veitir líka ráðgjöf varðandi námskeið og aðra viðburði sem rithöfundar koma að.

Upplýsingar í síma: 568 3190
www.rsi.is/hofundamidstod
rsi@rsi.is



Skáld í skólum

Fyrir Vestfirði og Norðurland

Fyrir leikskóla

Sígilda dagskráin

Bókmenntaverkefnið **Skáld í skólum** hóf göngu sína haustið 2006 og hefur því slitið barnskónum. Allt frá upphafi tóku grunnskólar landsins því fagnandi, enda um margt nýstárlegt þar sem ólíkum höfundum er teft saman og dagskárnar sem í boði hafa verið úr ýmum áttum. Þegar hafa nær 40 mismunandi dagskár orðið til innan vébanda verkefnisins og enn er í bígerð að færa út kviarnar.

Á þessu hausti lokum við hringnum um landið og bjóðum grunnskólum á Vestfirðum að slást í hóp þeirra skóla sem notið hafa heimsókna **Skálda í skólum**. Ennfremur er í fyrsta skipti boðið upp á dagskrá fyrir leikskóla.

Tímabil á haustönn:

21. október – 15. nóvember 2013

Frestur til að panta dagskrár er til

27. september 2013

Verð miðast við fjölda áhorfenda

200 krónur á hvern nemanda

en lágmarksgreiðsla er þó 20.000,- kr.

Upplýsingar í síma 568 3190

rsi@rsi.is

www.rsi.is/hofundamidstod

Höfundamiðstöð RSÍ og Skáld í skólum
njóta stuðnings
Menntamálaráðuneytisins, Reykjavíkurborgar
og Miðstöðvar íslenskra bókmennta



„SÁ EINN ER SKÁLD SEM SKILUR
FUGLAMÁL
OG SKERAST HLJÓMAR ÞAD
Í BARNNSINS SÁL“
- Davíð Stefánsson

Skáld í skólum

Bókmenntadagskrár
fyrir börn og unglinga
Haust 2013

Höfundamiðstöð RSÍ

